

Reykjavík 19. október 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga: Fjárlög 2021. 151. löggjafarþing 2020-2021. 1. mál, lagafrumvarp.**

Lög um að sálfræðipjónusta verði felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga voru samþykkt á síðasta löggjafarþingi. (**Lög um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðipjónustu og annarri gagnreyndri samtalsmeðferð)**). Lögin taka gildi um næstu áramót. Mikil samstaða var á þingi um lögin og stóðu allir flokkar að lögnum. Samstaðan sést best á því að skoða niðurstöður atkvæðagreiðslu en lögin voru samþykkt með 56 atkvæðum, enginn sat hjá eða sagði nei.

Markmið laganna er að tryggja niðurgreiðslu á sálfræðimeðferð og að hún sé þannig veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta. Hér er verið að stíga mikilvægt framfararskref í auknu aðgengi almennings, óháð efnahag, að viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu. Með því er verið að fjárfesta í bættri geðheilsu almennings sem mun borga sig fyrir þjóðarbúið til lengri tíma litið. Með lögum þessum er verið að setja skýra línu um að stjórnvöld setji geðheilsu jafnfætis við aðra heilbrigðisþjónustu. Lög þessi hafa gríðarlegt gildi fyrir almenning í landinu sem hefur til þessa að mestu þurft að standa sjálfur straum af kostnaði við sálfræðimeðferð. Sálfræðipjónusta og geðheilbrigðisþjónusta hefur á síðustu árum fengið aukið vægi í umræðu almennings og í stefnu stjórnvalda. Til eru rannsóknir sem sýna svart á hvítu árangur sálfræðimeðferðar á lífsgæði og líðan fólks. Sem hefur svo bein áhrif á minni kostnað til lengri tíma litið, t.d. minni líkur á örorku og geðrænna erfiðleika. Minni líkur á geðrænum erfiðleikum dregur úr líkum á geðlyfjanotkun og niðurgreiðslu ríkisins þar að lútandi sem er stór útgjaldaliður í rekstri heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Að sama skapi hefur það í för með sér auknar tekjur fyrir þjóðarbúið, m.a. vegna þess að fólk er líklegra til að haldast á vinnumarkaði.

Að stíga sterkt inn með fjármagni núna og tryggja almenningi þessa sjálfsögðu þjónustu er mikilvægt. Það á enn frekar við núna á tímum Covid-19, þar sem óvissan er mikil. Fólk sem stendur höllum fæti mun í auknum mæli ekki hafa tök á að sækja sálfræðipjónustu á eigin kostnað. Aukið atvinnuleysi gerir það einnig að verkum að fólk gæti misst réttindi sín hjá stéttarfélögum sem hafa hingað til ásamt VIRK staðið með almenningi í þessu máli. Nú verða stjórnvöld að gera það einnig.



Sálfræðingafélag Íslands

(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

*„Með lögum skal land byggja, en ólögum eyða“.*

Að setja þjónustu eins og sálfræðimeðferð inn í greiðsluþáttökukerfið krefst fjármagns og er það ábyrgðarleysi að samþykkja lög en ætla þeim ekki fjármagn. Þegar slíkt er gert má velta fyrir sér hvort löggjafavaldið sé að greiða atkvæði með lögum sem ekki er áhugi á að fylgja eftir með nauðsynlegu fjármagni. Þetta mætti túlka að ekki sé verið að setja lög til uppbyggingar heldur „ólög“ sem gerir ekkert annað en að draga úr trúverðugleika Alþingis.

Almenningur hefur kallað eftir auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu. Ungu fólkið okkar veit að þetta er mikilvægt og hafa háskóla- og framhaldsskólanemar lagt mikla áherslu á þjónustu sálfræðinga.

Sálfræðingafélag Íslands skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn í fjárlögum til að **Lög um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri gagnreyndri samtalsmeðferð)**, verði að lögum til uppbyggingar en ekki að „ólögum“.

Fyrir hönd stjórnar Sálfræðingafélags Íslands  
Tryggvi Guðjón Ingason, formaður